



Skautasamband Íslands: Reglugerð

Reglugerð um mót

Mótanefnd ÍSS hefur umsjón með mótahaldi á Íslandi.

Mót

Mót á Íslandi skiptast í eftirfarandi:

Alþjóðleg ISU mót, önnur alþjóðleg mót, ÍSS mót, millifélagamót og innanfélagsmót.

Mót skulu fara fram samkvæmt mótahandbók sem gefin er út af ÍSS. Í mótahandbók eru upplýsingar um framkvæmd mótanna, frestun móta, útgáfu mótatilkynningar, skyldur mótstjóra, leiðbeiningar til kynnis og birting úrslita. ÍSS fylgir að auki Móta og keppendareglum ÍSÍ og ISU.

Mótsstjórar skulu skila inn skýrslu um mótið til ÍSS eigi síðar en 2 vikum eftir mótslok. Eyðublað vegna skýrsluskila má finna á heimasíðu ÍSS og skal útfyllt sent á skrifstofa@skautasamband.is og events@skautasamband.is

Dómarar og starfsmenn panels á mótum

- Alþjóðleg ISU mót: ÍSS mannar mótin skv. reglu 107 og 121 ISU Constitutions and general regulations.
- Önnur alþjóðleg mót: Mót sem skipulögð eru af ÍSS/aðildarfélögum. Á alþjóðlegum mótum skulu dómarar og tæknisérfræðingar (TS) vera að lágmarki með landsdómararéttindi. Þó mega 1-2 dómarar vera með 2. stigs réttindi.*
- ÍSS mót: Mót sem skipulögð eru af ÍSS. Dómarar og tæknisérfræðingar (TS) skulu að lágmarki vera með landsdómararéttindi. Þó mega 1-2 dómarar vera með 2. stigs réttindi og 1 tæknisérfræðingur (TS) vera með 1. stigs réttindi.* ÍSS mannar mótin.
- Millifélagamót: Mót sem skipulögð eru af félagi og öðrum félögum boðin þátttaka. Á millifélagamótum eiga dómarar að vera með 2. stigs réttindi að lágmarki. Þó mega 1-2 dómarar hafa lægri réttindi.** Félögin manna mótin.
- Innanfélagsmót: Á innanfélagsmótum skal leitast við að þeir sem dæma hafi dómararéttindi. Félagið mannar mótið.

*Heimilt er að setja dómara af lægra stigi í yngri flokka skv. Stigakerfi ÍSS.

**Skal einungis gert gangi ekki að útvega starfsfólk með viðhlýtandi réttindi.



Skautasamband Íslands: Reglugerð

ÍSS mót

Framkvæmd móta ÍSS skulu dreifast jafnt á aðildarfélögin og skal mótaskrá uppfærð árlega.

ÍSS heldur Haustmót, Bikarmót, Íslandsmót og Vetrarmót þar sem keppt er í öllum einstaklings flokkum A og B.

Dómarakerfi og tæknibúnaður

ÍSS notar 2 dómarakerfi. Alþjóðakerfi ISU - International judging system (IJS) og Stjörnakerfi. Alþjóðakerfið skal nota við dæmingu A og B keppnisflokka en Stjörnakerfið við dæmingu C keppnisflokka.

Útfærslur dómarakerfa fara eftir töflunni hér að neðan:

Kerfi A

Tæknibúnaður	Starfsmenn	Úrslit	Mót
<ul style="list-style-type: none"> Allt IJS tölvakerfi notað* 	<ul style="list-style-type: none"> 3-5 Dómarar (Referee) Tæknistjórnandi (TC) 2 Tæknisérfræðingar (TS) 2 Vídeóklippari/innsláttur (DRO) Tæknimaður/menn eftir þörfum 	<ul style="list-style-type: none"> ISU - Calc Referee TC 	<ul style="list-style-type: none"> Alþjóðleg mót ÍSS mót
*hægt að keyra á pappír ef þörf krefur	Vídeóuppstökumaður/menn útvegað af mótshaldara		

Kerfi B

Tæknibúnaður	Starfsmenn	Úrslit	Mót
<ul style="list-style-type: none"> IJS notað dæmt á pappír 2 tölvur 	<ul style="list-style-type: none"> 3-5 Dómarar (Referee) Tæknistjórnandi (TC) og 1 Tæknisérfræðingur (TS) EÐA 2 Tæknisérfræðingar (TS) 2 Reiknimeistarar 	<ul style="list-style-type: none"> Reiknimeistari Referee TC* <p>*Þar sem einungis Tæknisérfræðingar eru á tæknipanel eru úrslit undirrituð af Tæknisérfræðingi (TS)</p>	<ul style="list-style-type: none"> Millifélagamót Innanfélagsmót* <p>*Á innanfélagsmóti má hafa 1 Tæknistjórnanda (TC) EÐA 1 Tæknisérfræðing (TS)</p>



Skautasamband Íslands: Reglugerð

Kerfi C

Tækniþúnaður	Starfsmenn	Úrslit	Mót
Stjórnukerfi notað dæmt á pappír	<ul style="list-style-type: none">3 Dómarar (Referee)2 Reiknimeistarar	<ul style="list-style-type: none">ReiknimeistariYfirdómari	<ul style="list-style-type: none">MillifélagamótInnanfélagsmót

Keppnis- og keppendareglur

Keppnistímabilið er frá 1. júlí til 30. júní sbr. reglur ISU og skal aldursskipting í keppnisflokka miðast við aldur keppenda 1. júlí. Ekki er leyfilegt að keppa niður fyrir sig í aldri.

ÍSS skilgreinir keppnisflokka á Íslandi og gefur út keppnisreglur annarra flokka en skilgreindra ISU flokka.

Keppnisflokkar

A - keppnisflokkar

- Kvenna- og Karlaflokkur (ISU Senior)
- Unglingaflokkur (ISU Junior)
- Stúlkna- og Drengjaflokkur (ISU Advanced Novice)
- 12 ára og yngri
- 10 ára og yngri
- 8 ára og yngri

B - keppnisflokkar

- Kvenna- og Karlaflokkur
- Unglingaflokkur
- Stúlkna- og Drengjaflokkur
- 12 ára og yngri
- 10 ára og yngri
- 8 ára og yngri

C - keppnisflokkar

- Kvenna- og Karlaflokkur
- Unglingaflokkur
- Stúlkna- og Drengjaflokkur
- 12 ára og yngri
- 10 ára og yngri
- 8 ára og yngri

Samhæfður skautadans

- Kvenna- og Karlaflokkur (ISU Senior)
- Unglingaflokkur (ISU Junior)
- Stúlkna- og Drengjaflokkur (ISU Advanced Novice)
- Blandaður aldur (mixed age)



Skautasamband Íslands: Reglugerð

Hlutgengi keppenda

Til að öðlast þátttökurétt á ÍSS mótum þarf keppandi að vera félagsbundinn aðildarfélagi ÍSS sem hefur staðið í skilum með skýrslur sínar og að hafa lokið grunnprófi ÍSS í viðkomandi flokki.

Félagaskipti skulu fara fram eftir reglugerð þar að lúandi.

Um Íslandsmeistaratitil

Á Íslandsmóti skal keppt um Íslandsmeistaratitil í A einstaklingsflokkum í aldurshópum Kvenna og Karla (Senior), Unglinga (Junior) og Stúlkna og Drengja (Advanced Novice). Íslandsmeistari getur eingöngu sá orðið sem keppir fyrir aðildarfélag. Erlendir ríkisborgarar þurfa að hafa verið búsettir á Íslandi í amk. 3 ár áður en þeir öðlast þátttökurétt á móti til Íslandsmeistaratitils (Móta- og keppendareglur ÍSÍ).